

á vitnaframburðum þeirra í máli þessu í réttinum í gær og í dag.

Hinsvegar verður að fallast á það, að ekki sé hægt samkvæmt sömu lagagrein að leyfa vitnunum Jónasi Sigurðssyni og Magnúsi Hliðdal Magnússyni að staðfesta framburði sína í réttinum í dag, að svo miklu leyti, sem þeir koma í bága við framburði Ingimars og Sigmars, þar sem Jónas Sigurðsson er bæði viðriðinn aðilja U. M. F. L. sem félagi og venzlamaður formanns U. M. F. L. og Magnús Hliðdal Magnússon er viðriðinn aðilja U. M. F. L. sem félagi og starfsmaður, og auk þess framburður þessa vitnis óglöggur einmitt um það atriði, sem hér skiptir máli.

Því úrskurðast:

Vitnunum Ingimar Baldvinssyni og Sigmar Valdimarssyni skal heimilt að staðfesta vitnaframburði sína í máli þessu.

Vitnunum Jónasi Sigurðssyni og Magnúsi Hliðdal Magnússyni skal synjað um að staðfesta vitnaframburði sína í máli þessu, að svo miklu leyti, sem þeir eru í ósamræmi við vitnaframburði Ingimars Baldvinssonar og Sigmars Valdimarssonar.

Miðvikudaginn 25. janúar 1939.

Nr. 53/1937. **Jóhann Þorsteinsson**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjar-
sjóðs** (Einar B. Guðmundsson).

**Krafa um skaðabætur vegna ólögmetrar sviptingar
á tilteknum atvinnurekstri.**

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir samkvæmt áfrýjunarleyfi skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí 1937.

Eftir ósk aðilja og með samþykki dómsins hefir málflutningi verið hagað þannig hér fyrir rétti, að nú verði aðeins skorið úr um skaðabótaskyldu stefnds. Hefir áfrýjandi á þessu stigi málsins gert þær kröfur, að stefndur verði dæmdur skyldur til að greiða honum skaðabætur fyrir tjón það, sem hann kveður sig hafa beðið vegna þess að stefndur hafi á ólög-mætan hátt svipt hann upp- og framskipunarstarfsemi á tímabilinu frá 16. apríl 1925 til ársloka 1933. Svo krefst hann þess og, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að áfrýjandi hefir ekki fyrr en í þessu máli, sem er höfðað í marz 1934, hafizt handa um að fá úr því skorið, hvort lögmaetar væru gagnvart honum ráðstafanir stefnds um bæjarbryggjuna á Ísafirði, er gerðar voru á árunum 1923 og 1924, og áfrýjandi telur að byrjað hafi að valda sér tjóni í apríl 1925, þá verður að telja, að hann hafi með aðgerðaleyzi sínu um svo langan tíma undirgengizt að hlíta nefndum ráðstöfunum stefnds, og að hann þegar af þeirri ástæðu eigi ekki skaðabótarétt á hendur stefndum út af tjóni því, er hann kveður sig hafa orðið fyrir af þessum sökum á ofangreindu tímabili. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 30. maí 1936.

Mál þetta er að undangenginni árangurslausri sáttatílraun höfðað fyrir aukarétti Ísafjarðar af Jóhanni Þorsteinssyni, kaupmanni á Ísafirði, gegn bæjarstjórn Ísafjarðar til greiðslu á skaðabótum.

Gerir stefnandi þær réttarkröfur, að stefnda verði dæmd til að greiða sér kr. 51396.10, ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakæruðegi, 3. marz 1934, til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefnda hefir hinsvegar krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að með kaupsamningi dags. 30. marz 1923 keypti bæjarstjórn Ísafjarðar svonefndar Hæstakaupstaðareignir á Ísafirði ásamt bryggju af verzlunarfélaginu Hæstakaupstaðnum h/f (Nathan & Olsen) á Ísafirði. Með samþykkt 26. marz 1923 og samningi við nefnt firma dags. 30. s. m. ákvað bæjarstjórnin að leigja Hæstakaupstaðnum h/f (Nathan & Olsen) hinar keyptu eignir, að undanskilinni bryggjunni með gangi til götu, til 5 ára og með forgangsrétti til áframhaldandi leigu næstu 5 ár þar á eftir. Með leigusamningi þessum skuldbatt bæjarstjórnin sig til að byggja haus á nefnda bryggju svo fljótt sem unnt væri. Með samningnum skuldbatt bæjarstjórnin sig einnig til þess, „að nota að fullu“, jafnskjött og bryggjan yrði fullgerð, „allar þær heimildir, sem bænum eru veittar með hafnarlögum fyrir Ísafjörð, og hann hefir gagnvart bryggjum einstakra manna, til að tryggja fyllstu afnot bæjarbryggjunnar.“

Jafnframt skuldbatt bæjarstjórnin sig með sama samningi „til að taka að sér alla upp- og framskipun á vörum úr og í þau skip, sem við bæjarbryggjuna leggjast.“ Skyldi leigutaka bera „skylda og réttur“ til að annast allt, er að upp- og framskipuninni lyti, fyrir bæjarins hönd. Skyldi hafnarnefnd í samráði við leigutaka árlega ákveða gjöld fyrir þetta, en leigutaki standa hafnarnefnd skil á bæjarins hluta af þeim, samkvæmt samningi, er um það yrði gerður. Loks var svo ákveðið, að þeir, sem fengu skip að öllu leyti lestuð fyrir sinn reikning, gætu annast uppskipunina sjálfir, enda greiði þeir leigu fyrir vagna og önnur tæki bryggjunnar.

Með bréfi dags. 10. apríl 1923 samþykkir atvinnu- og

samgöngumálaráðuneytið kaupin á fyrrnefndum eignum og að bryggjan yrði bæjarbryggja á Ísafirði samkvæmt lögum nr. 34 frá 1922.

Haustið 1924 varð bæjarbryggjan fullgerð. Annaðist Nathan & Olsen síðan upp- og útskipun við bryggjuna í umboði bæjarstjórnar allt til ársloka 1933.

Er fyrrnefndir samningar voru gerðir, var stefnandi afgreiðslumaður á Ísafirði fyrir Bergenska gufuskipafélagið og Sameinaða danska gufuskipafélagið, og hefir hann verið það alla tíð síðan.

Með fyrrnefndum ráðstöfunum bæjarstjórnar kveðst stefnandi hafa talið, að hún hafi óheimilað öllum þeim, er áður höfðu haft með höndum upp- og framskipun úr skipum, að fást við það framvegis, en kveðst áður hafa haft talsverðar tekjur af upp- og framskipun í skip félaga þeirra, er hann var afgreiðslumaður fyrir. Hinsvegar kveðst hann hafa talið, að bæjarstjórnin hafi gert þessar ráðstafanir lögum samkvæmt, og að sér væri þýðingarlaust að mótmæla þeim, og því hafa beygt sig undir ákvæði bæjarstjórnarinnar og látið af upp- og framskipun. En með hæstaréttardómi í málinu: Bæjarstjórn Ísafjarðar gegn Jóni S. Edwald, uppkveðnum 2. okt. 1933, hafi svo verið ákveðið, að sú ráðstöfun bæjarstjórnarinnar, að taka alla upp- og framskipun á bæjarbryggjunni í sínar hendur, hafi verið gerð á móti landslögum, og hún því metin ógild gagnvart Jóni S. Edwald. Þar sem sama reglan hljóti að gilda fyrir alla, og ákvörðun bæjarins að vera ógild yfirleitt að þessu leyti, telur stefnandi, að bæjarstjórnin hafi framið réttarbrot gagnvart sér og að henni sé skylt fyrir hönd bæjarins að endurgreiða sér það tjón, sem hann hafi haft af því að verða af að standa fyrir út- og uppskipun úr skipum félaga þeirra, er hann var afgreiðslumaður fyrir, og kveðst hann hafa höfðað mál þetta, þar sem bæjarstjórnin hafi reynt ófáanleg til að bæta sér skaðann.

Stefnandi telur, að í þeirri ákvörðun bæjarstjórnarinnar, að taka alla upp- og framskipun við bryggjuna í sínar hendur, hafi falizt bann til allra annarra, og þar á meðal sín, við því að annast upp- og framskipun við bryggjuna. Hafi bæjarstjórnin því með þessari ráðstöfun svipt sig lögvernduðum rétti til að annast upp- og framskipun í skip fyrrnefndra félaga. Með fyrrnefndum hæstaréttardómi sé sann-

að, að þessi ráðstöfun bæjarstjórnarinnar hafi verið ólög-
mæt. Er bæjarstjórnin gerði þessa ráðstöfun, hafi henni
verið fyllilega ljóst, að með henni væri hann sviptur mikl-
um tekjum, og hafi framkvæmd ráðstöfunarinnar verið bein
og tilætluð orsök tekjumissis síns. Bæjarsjóðurinn hafi við
ráðstöfun þessa auðgast á sinn kostnað. Hæstakaupstaðar-
eignirnar hafi bæjarstjórnin leigt til 10 ára fyrir óeðlilega
háa leigu, aðeins að því tilskyldu, að eignunum fylgdi einka-
réttur til upp- og framskipunar við bæjarbryggjuna. Telur
stefnandi, að af þessu sé ljóst, að bæjarstjórnin hafi vis-
vitandi framið á sér réttarbrot, er bakað hafi sér mikið tjón,
og sé hún því tvímælalust skyld til að bæta sér það. Þá
heldur hann því einnig fram, að eins og mál þetta sé vaxið,
sé bæjarstjórnin skaðabótaskyld, þó réttarbrotið væri fram-
ið aðeins af hendingu.

Stefnandi heldur því fram eins og fyrr segir, að sér hafi
ekki komið til hugar annað en bæjarstjórnin hefði lagalega
heimild til að taka alla upp- og framskipun við bæjar-
bryggjuna í sínar hendur. Bærinn hafi verið eigandi bryggj-
unnar og því í fljótu bragði verið sennilegt að álykta, að
hann sem eigandi réði því, hverjir um eign hans færu, væru
engar sérstakar hömlur lagðar á umráðaréttinn.

Auk þess hafi sér ekki dottið í hug, að bæjarstjórnin
hafi gert jafn stórfelldan samning, vitandi um beint tjón
stefnanda, án þess að alveg væri gengið úr skugga um, að
full lagaheimild væri fyrir ákvæðum sammingsins. Kveðst
hann því hafa talið þýðingarlaust að reyna að fá marg-
nefndri ráðstöfun bæjarstjórnarinnar hnekkt með dómi.
Hinsvegar kveðst hann hafa reynt að mótmæla ráðstöfun-
inni á þann hátt, að láta afferma eitt skip Sameinaða gufu-
skipafélagsins við sína eigin bryggju, en sér hafi verið
bannað það með fógetavaldi. Hafi ástæðan til bannsins ver-
ið sú, að er bygging þeirrar bryggju hafi verið leyfð, hafi
verið sett sem skilyrði, að sú kvöð væri á bryggjunni, að eigi
mætti afgreiða við hana póstskep, ef bærinn eignaðist eigin
hafskipabryggju.

Eftir þetta kveðst stefnandi hafa reynt að framkvæma
upp- og útskipun í skip fyrrnefndra félaga með stórum
flutningabátum, en orðið að hætta því, þar eð það hafi
reynzt ókleift. Kveðst hann með þessu hafa gert allt, er
hann hafi talið sig geta, til þess að halda áfram atvinnu

sinni við upp- og útskipun, og beri því ekki að skoða það, að hann hafi ekki fyrr reynt að fá nefndri ráðstöfun bæjarstjórnarinnar hnekkt, sem samþykki sitt á henni.

Stefnandi telur, að erfitt sé að ákveða nákvæmlega þann skaða, sem hann hafi beðið af nefndri ráðstöfun bæjarstjórnarinnar, en vist sé, að skaði sinn sé mun meiri en nemur upphæð skaðabótakröfu sinnar í málinu. Segir stefnandi, að svo hafi reynt í mörg ár, meðan hann hafði á hendi upp- og framskipun með afgreiðslu skipanna, að árlegur gróði sinn af uppskipuninni hafi reynt mun meiri en þóknun sú, er hann hafi fengið fyrir að afgreiða skipin. Þar sem hann viti nákvæmlega, hve miklu numið hafi afgreiðsluþóknun sín fyrir skip félaganna, en ómögulegt sé að segja með fullri vissu, hve miklu numið hafi ágóði af út- og uppskipun þau ár, sem um er að ræða, kveðst hann hafa tekið það ráð að reikna út meðaltal afgreiðsluþóknunarinnar og leggja það til grundvallar kröfu sinni. Með því að reikna út afgreiðsluþóknunina annaðhvort ár hins umrædda tímabils og taka meðaltal af, telst stefnanda svo til, að meðaltal afgreiðsluþóknunarinnar hafi verið kr. 5139.61 á ári, og afgreiðsluþóknunin samtals árin 1924 til 1933, að báðum árum meðtöldum, kr. 51396.10, og er það skaðabótakrafa sú, sem hann gerir í málinu.

Af hálfu hinnar stefndu bæjarstjórnar er því hinsvegar haldið fram, að það eina, sem milli hennar og stefnanda hafi farið, snertandi upp- og útskipun, sé, að bæjarstjórnin hafi á sínum tíma fengið lagt lögbann við því, að stefnandi notaði sína eigin bryggju til upp- og útskipunar. Hafi sú lögbannsgerð verið staðfest með dómi, er stefnandi hafi unað við til þessa. Utan þessa tilviks hafi stefnandi aldrei farið þess á leit að fá að hafa á hendi upp- og útskipun á Ísafirði eða fá að nota bæjarbryggjuna til upp- eða útskipunar úr skipum félaga þeirra, er hann hafi haft á hendi afgreiðslu fyrir. Af þessu sé einsætt, að stefnda hafi aldrei getað bannað stefnanda starfsemina, enda hafi hún aldrei gert það. Til þess að hægt væri að orða þann möguleika, að stefnda hafi bakað sér skaðabótaskyldu, yrði að liggja fyrir, að stefnandi hafi krafizt þess að fá að nota bæjarbryggjuna eða hafizt handa um not hennar, en verið synjað um afnotin eða verið beinlinis hindraður í þeim, og að sú synjun eða hindrun hafi orðið þess valdandi, að hann hætti upp-

og útskipunarstarfsemi sinni. En engu af þessu sé til að dreifa, og sé því enginn skaðabótagrundvöllur fyrir hendi.

Þá er því og haldið fram af hálfu stefndu, að sú máls-
ástæða stefnanda, að stefnda hafi með samningi sínum við
Hæstakaupstaðinn h/f (Nathan & Olsen) bannað öllum,
nema því firma, afnot bryggjunnar, skipti hér ekki máli, í
fyrsta lagi af því, að þó stefnda hefði veitt firmanu einka-
rétt til að nota bryggjuna, þá gæti samt ekki verið um
skaðabótaskyldu að ræða, þar eð stefnandi hafi aldrei kraf-
izt afnota af bryggjunni, og í öðru lagi af því, að stefnda
hafi ekki veitt því firma einkarétt til afnota af bryggi-
unni, heldur beinlínis undanskilið hana leigunni í samning-
um sínum við firmað. Og þó segja megi, að firmanu hafi
verið veittur nokkur réttur til að annast upp- og útskipun
við bryggjuna, þá geti stefnandi með engu móti sagt, að hon-
um eða öðrum hafi verið bannað að nota hana. Ekki geti
stefnandi heldur byggt neinn rétt á því, að stefnda hafi af-
salað sér bryggjunni í hendur öðrum, því hún hafi alltaf
verið háð umráðum stefndu.

Þá er því einnig haldið fram af hálfu stefndu, að hún hafi
gert alla samninga sína um eignirnar í góðri trú og ætíð
fengið leyfi stjórnarráðsins til þeirra, og útiloki þetta einn-
ig skaðabótakröfu stefnanda. Geti stefnda eigi hafa orðið
skaðabótaskyld, þó stefnandi eða aðrir hafi ekki neytt þess
réttar, er hafnarlög Ísafjarðar veiti borgurum þess bæjar.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnandi hafi
notað sína eigin bryggju til upp- og útskipunar í skip þau,
er hann afgreiddi, þar til fyrrnefnd lögbannsgerð hafi farið
fram 16 apríl 1925. Sé því tími sá, er hann krefjist skaða-
bóta fyrir, sem er 10 ár, oftalinn um 15½ mánuð.

Loks er því haldið fram af hálfu stefndu, að hér sé aðeins
um að ræða ímyndað tjón stefnanda, og er kröfuupphæð
hans mótmælt sem fjarstæðu, svo og öllum útreikningum
hans um skaðann.

Stefnandi viðurkennir, að tími sá, sem skaðabóta er
krafizt fyrir, sé ofreiknaður um 15½ mánuð, eins og fram
er haldið af hálfu stefnda.

Þá er það einnig viðurkennt af hálfu stefnanda, að hann
hafi aldrei sótt um leyfi til upp- og útskipunar við bæjar-
bryggjuna og að engin bæjarstjórnarsamþykkt sé til, er
banni honum sérstaklega að nota bryggjuna til þessa.

Hinsvegar er því haldið eindregið fram af hálfu stefnanda, að þar sem bæjarstjórnin hafi með samningnum við Hæstakaupstaðinn h/f (Nathan & Olsen) verið búin að ákveða að taka upp- og útskipun við bryggjuna í sínar hendur og framselja nefndu firma þenna sinn tekna einkarétt, þá hafi hún þar með bannað öllum öðrum að annast upp- og útskipun við bryggjuna, og hafi því verið fyrirfram vitanlegt, að þýðingarlaust hafi verið að sækja um leyfi til upp- og útskipunar við bryggjuna. Þá er því einnið haldið fram af hálfu stefnanda, að þó hann hafi ekki beinlínis farið fram á að mega annast upp- og útskipun við bryggjuna, þá hafi aðrir gert það, og öllum verið neitað, og hafi menn ætlað að gera þetta í trássi, þá hafi þeim verið bannað það með þeirri skýringu, að öllum öðrum en bæjarstjórn eða umboðsmanni hennar væri það óheimilt. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að viljayfirlýsing og gerðir bæjarstjórnarinnar hafi verið nóg ástæða til þess, að hann hafi ekki farið fram á það við bæjarstjórn að mega annast upp- og útskipun við bæjarbryggjuna.

Í málinu er eigi upplýst, að hin stefnda bæjarstjórn hafi gefið út almenna skipun, auglýsingu eða reglur almennungi til eftirbreytni um það, að öðrum en Hæstakaupstaðnum h/f (Nathan & Olsen) væri óheimilt að annast upp- og útskipun við bæjarbryggjuna.

Margnefndan samning við Hæstakaupstaðinn h/f (Nathan & Olsen) gerði bæjarstjórnin, eftir því sem fyrir liggur, sem eigandi og umráðamaður hinna svonefndu Hæstakaupstaðareigna og þar með einnig bæjarbryggjunnar. Að áliti réttarins ber að skýra samning þenna, að því er snertir atriði þau, sem um er deilt í máli þessu, eftir almennum reglum kröfuréttarins, þó bæjarstjórnin sé annar samningsaðilinn.

Þar eð upplýst er í málinu, að stefnandi hefir hvorki krafizt umræddra afnota né fengið sérstaka tilkynningu um það frá bæjarstjórninni, að honum væru þau óheimil, verður samkvæmt þessu eigi talið, að skaðabótgrundvöllur sé fyrir hendi í málinu. Ber því þegar af þessari ástæðu að taka sýknukröfu stefndu til greina.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Sökum mikilla embættisanna dómarans við ýms aðkallandi störf, þar á meðal ársuppgjör, rannsóknir opinberra

mála, sýslufundi o. fl., og sökum ófullnægjandi aðstoðar við embættisreksturinn hefir eigi verið unnt að kveða dóm þenna upp fyrr en nú.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóhanns Þorsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1939.

Nr. 66/1938. Ólafur Bjarnason (Eggert Claessen)
gegn

**Mjólkursölunefndinni f. h. mjólkur-
samsölnnar í Reykjavík og gagnsök**
(Guðm. Guðmundsson cand. jur.)

Mjólkurframleiðandi krefur mjólkursamsölu um sinn hluta af rekstrarafgangi samsölnnar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. júní f. á. og gert þessar dómkröfur: Aðallega að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2276.99, til vara kr. 1927.25 og til þrautavara kr. 1686.27 og að vextir verði dæmdir 5% á ári af þeirri fjárhæð, sem til greina yrði tekin, frá sáttakærudegi, 16. júní 1937, til greiðsludags. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar af gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefir áfrýjað málinu með stefnu 22. júní f. á., krefst þess, að hann verði alger-